

Reykjavík, 24. júní 2016

TÚLKUN

Tilkynningarskylda fruminnherja samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til að árétta tilkynningarskyldu fruminnherja, samkvæmt 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.), vegna viðskipta með fjármálagerninga útgefanda þegar um að ræða verðbréfalán. Í 126. gr. vvl. kemur fram að fruminnherji skuli áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á viðskipti með fjármálagerninga útgefandans, tilkynna það til regluvarðar. Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt viðskipti með fjármálagerninga útgefandans. Viðkomandi útgefandi skal samdægurs tilkynna um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins.

Í fyrrgreindu ákvæði 126. gr. vvl. er ekki gerður greinarmunur á því hver er aðdragandi viðskiptanna sem tilkynningarskyldan varðar. Þá er hvergi getið um undanþágu frá tilkynningarskyldu í lögnum. Þar af leiðandi telur Fjármálaeftirlitið að tilkynningarskylda samkvæmt 126. gr. vvl. eigi alltaf við vegna tilfærslu á eignarhaldi fjármálagerninga, s.s. í tilviki verðbréfalána, m.a. vegna viðskiptavaktar. Fjármálaeftirlitið álítur slíka tilfærslu falla undir viðskipti í skilningi 126. gr. vvl. Tilgangur ákvæðisins er m.a. að tryggja að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirliti sínu með viðskiptum með fjármálagerninga. Beinir Fjármálaeftirlitið því til útgefanda að tryggja að verklag sé í samræmi við ákvæði laga um verðbréfiðskipti vegna viðskipta sem fara fram í formi verðbréfalána.